



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 19. febrúar 2021

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

**Viðurlög vegna skulda á skráningargjöldum félagaskipta
Ákvæði um erlenda leikmenn vegna Brexit
Fyrirkomulag í deildarbikarkeppni karla og kvenna**

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 18. febrúar sl., samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Einnig samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla og reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. Viðurlög vegna skulda á skráningargjöldum félagaskipta
2. Ákvæði um erlenda leikmenn vegna Brexit
3. Fyrirkomulag í deildarbikarkeppni karla og kvenna

Eftirfarandi er yfirlit og samantekt yfir breytingarnar:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

**REGLUGERÐ KSÍ
um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga**

Samþykkt var ný grein 15.4.:

15. gr.

Tilkynning, keppnisleyfi o.fl.

15.3. Þegar tilkynning um félagaskipti er fullfrágengin, undirrituð af leikmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í, auk þess sem skráningargjald er greitt, skal gefa út keppnisleyfi sem tekur gildi með nýju félagi næsta dag eftir að öllum ofangreindum formsatriðum hefur verið fullnægt.

15.3.1. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 16 ára og eldri innanlands skal vera kr. 2.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 16 ára innanlands skal vera kr. 1.000,-.

15.3.2. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 18 ára og eldri úr erlendu félagi hingað til lands skal vera kr. 5.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 18 ára úr erlendu félagi hingað til lands (FIFA Minor transfer) skal vera kr. 10.000,-.

15.3.3. Skráningargjald, skv. gr. 15.3.1., skal falla niður sé um að ræða félagaskipti leikmanns á milli félaga sem tefla fram sameiginlegu keppnisliði í 2. flokki karla og/eða kvenna.

15.4. Félag sem er í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót vegna skráningargjalds, skv. grein 15.3., geta verið svipt rétti til félagaskipta tímabundið af framkvæmdastjóra KSÍ þar til skuld er gerð upp að fullu, þó að því tilskildu að félaginu hafi verið tilkynnt skriflega um vanskil þar sem félaginu eru gefnir a.m.k. 10 dagar til að uppfylla fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu svo ekki komi til sviptingar á rétti til félagaskipta tímabundið. Tilkynning um sviptingu á rétti til félagaskipta og aflétting á slíku banni skal vera skrifleg.

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 17.1.:

17. gr.
Erlendir leikmenn

- 17.1. Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en þrír erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. **Leikmaður með breskt ríkisfang (England, Norður-Írland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.**

Greinargerð/Samantekt:

Tillögur þessar eru unnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Tillaga að nýrri grein 15.4. er til að stemma stigu við að skuldir safnist upp vegna félagaskipta ársins á undan. Skráningargjöld eru forsenda þess að félagaskipti séu afgreidd af skrifstofu KSÍ. Samþykkt hefur verið að ef skuldir vegna ársins á undan hafa ekki verið greiddar upp að fullu vegna afgreiðslu skrifstofu á félagaskiptum, þá geti framkvæmdastjóri svipt rétti viðkomandi félags til félagaskipta, en þó aðeins tímabundið eða þangað til skuld vegna ársins á undan hefur verið greidd upp að fullu. Í slíku tilfalli skal viðkomandi félagi ávallt vera gefnir a.m.k. 10 dagar til að uppfylla fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu svo ekki komi til sviptingar á rétti til félagaskipta tímabundið.

Tillaga að breytingu á grein 17.1. er sömuleiðis unnin af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Mikil óvissa hefur skapast um leikmenn með breskt ríkisfang sem leikið hafa og/eða leika enn hér á landi fyrir 1. janúar 2021 vegna Brexit. Til að skera úr um óvissu hefur verið samþykkt að leikmenn með breskt ríkisfang sem leikið hafa hér á landi og hafa áður fengið útgefið keppnisleyfi með aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 haldi áunnum réttindum og teljist þannig ekki á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

Þar af leiðandi munu leikmenn með breskt ríkisfang sem fá í fyrsta skipti útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi innan KSÍ eftir 31. desember 2020 teljast á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

Breyting á grein 17.1 er óháð því hvort leikmaður þurfi atvinnu- og dvalarleyfi hér á landi skv. grein 19.7. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga eða samkvæmt gildandi lögum og/eða reglum sem gilda í landinu um útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru grænmerktar.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er rauðmerkt og yfirstrikað

REGLUGERÐ KSÍ um deildarbikarkeppni karla

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á greinum 2.5. og 2.6.:

2. FYRIRKOMULAG KEPPINNAR

- 2.5 Í undankeppni A-deildar skal 24 liðum skipt í 4 riðla, R1, R2, R3 og R4. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þáttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Keppnin er stigakeppni og 2 efstu liðin efsta lið í hverjum riðli vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni, alls 84 lið.
- 2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 48 lið; 1R1, 2R1, 1R2, 2R2, 1R3, 2R3, 1R4 og 2R4. ~~1R1, 1R2, 1R3 og 1R4.~~ Í 8 liða úrslitum mætast: 1R1-2R2, 1R2-2R3, 1R3-2R4 og 1R4-2R1.
Í undanúrslitum mætast: 1R1/2R2-1R3/2R4 og 1R2/2R3-1R4/2R1 ~~1R1-1R3 og 1R2-1R4~~ og skal leikið á heimavelli þess félags sem er með betri árangur í riðlakeppni mótsins.
Sigurvegarar í undanúrslitum leika til úrslita í A-deild.
Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.

REGLUGERÐ KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 2.5., 2.6. og 2.7.:

2. FYRIRKOMULAG KEPPINNAR

- 2.5 Í undankeppni A-deildar skal 12 liðum skipt í 2 riðla, R1 og R2. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þáttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Keppnin er stigakeppni og 2 efstu liðin í hverjum riðli vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni, alls 4 lið. ~~A-deild skal skipuð 6 liðum. Keppnin er stigakeppni og 4 efstu liðin vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni mótsins.~~
- 2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 4 lið og skal leikið skv. útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik:
Undanúrslit: 1R1-2R2 og 1R2-2R1. ~~A1-A4 A2-A3~~
Í undanúrslitum skal leikið á heimavelli þess liðs sem talið er upp á undan.
Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.
- 2.7 B-deild skal skipuð 86 liðum. Engin úrslitakeppni er í B-deild.

Greinargerð/Samantekt:

Um ræðir tillögur unnar af Mótanefnd KSÍ. Lagt er til að í úrslitakeppni A deildar karla taki þátt átta lið í stað fjögurra liða undanfarin ár. Þá er lagt til að deildarbikarkeppni kvenna sé breytt þannig að í A deild verði 12 lið í stað 6 liða áður. Jafnframt er lagt til að liðum sé fjölgað í B deild í deildarbikarkeppni kvenna þannig að þau verði 8 lið í stað 6 liða áður.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.